

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 49/1986. **Arkitektafélag Íslands**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

félagsmálaráðherra og

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Inga Gunnari Þórðarsyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Atvinnuréttindi. Lögskýring. Stjórnsýsla. Aðild. Arkitektar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 24. janúar 1986. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Inga Gunnari Þórðarsyni til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. laga nr. 54/1978. Auk þess krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi Ingi Gunnar Þórðarson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að áfrýjandi eigi lögvarðra hagsmuna að gæta í máli þessu og sé því réttur aðili að því.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 54/1978 verða ekki eftir orðum sínum eða aðdraganda skýrð á þann veg, að þau veiti arkitektum en ekki öðrum, sem þar eru taldir, rétt til að gera aðaluppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum. Stefndi Ingi Gunnar átti því rétt á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra, að fenginni tveggja ára starfsreynslu. Leitað var umsagnar stéttarfélags stefnda Inga Gunnars, Byggingafræðingafélags Íslands, svo sem skylt var sam-

kvæmt 12. gr. laga nr. 54/2978. Leggja verður til grundvallar, að stjórn félagsins hafi fjallað um málið, og þótt stefndi Ingi Gunnar hafi haft afskipti af meðferð þess máls, veldur það ekki ógildingu umsagnarinnar.

Samkvæmt þessu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefndu, Inga Gunnari Þórðarsyni og félagsmálaráðherra, hvorum um sig kr. 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl sl., hefur Arkitektafélag Íslands, nnr. 0433-4124, Freyjugötu 41, Reykjavík höfðað með stefnu birtri 21. og 23. ágúst 1984 á hendur Alexander Stefánssyni félagsmálaráðherra, nnr. 0225-3712, Hjarðarhaga 48, Reykjavík og Inga Gunnari Þórðarsyni, nnr. 4573-7209, Eyjabakka 18, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Inga Gunnari til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. 1. nr. 54/1978.

2. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Ingi Gunnar Þórðarson krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Málavexti kveður stefnandi vera þessa:

Árið 1983 hafi félagsmálaráðherra veitt Inga Gunnari Þórðarsyni byggingafræðingi löggildingu til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. 1. nr. 54/1978 og 3.5. gr. reglugerðar nr. 292 frá 1979. Stjórn Arkitektafélags Íslands hafi þegar í stað mótmælt löggildingunni á þeim grundvelli, að byggingafræðingurinn hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum er felist í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins um hverjir megi gera slíka uppdrætti. Þar sem engin leiðrétting hafi fengist á umræddri löggildingu sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta sem hagsmunafélagi/stéttarfélagi þeirra sem rétt hafi til að gera aðaluppdrætti.

Málsástæður stefnanda og lagarök eru þessi:

Löggilding stefnda Inga Gunnars til að gera aðaluppdrætti fari í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54 frá 1978 og grein 3.5. reglugerðar nr. 292 frá 1979 um byggingamál. Löggilding þessi sé því ólögmet.

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum og reglum Skipulagsstjórnar ríkisins hafi arkitektar einir rétt til að skila aðaluppdráttum, enda séu byggingafræðingar ekki útskrifaðir sem menntaðir, hæfir, til að gera aðaluppdrætti sbr. prófskirteini þeirra.

Líkt og fram komi í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins sé talið rétt að veita byggingafræðingum leyfi til að gera aðaluppdrætti að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Þeim skilyrðum hafi stefndi Ingi Gunnar ekki fullnægt og sé því um ólögmetu löggildingu að ræða.

Verði ekki fallist á að umrædd löggilding fari í bága við áðurnefnd ákvæði sé þess eigi að síður krafist, að löggildingin sé dæmd ógild, eða að minnsta kosti verði hún ógilt vegna formgalla, þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags svo sem 2. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978 og grein 3.5.2. reglugerðar nr. 292/1979 kveði skýrt á um að skuli gert.

Eðli málsins samkvæmt hljóti Arkitektafélag Íslands að vera hlutaðeigandi stéttarfélag varðandi löggildingu á starfssviði er arkitektar einir hafi haft með höndum. Umsagnar þess hafi ekki verið leitað svo sem að ofan greini, og bresti því á um formskilyrði fyrir löggildingunni.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á því að tilvist máls þessa sé alfarið orðin vegna rangra aðferða og efnisannmarka á löggildingu þeirri er hér um ræði.

Stefndi Ingi Gunnar Þórðarson styður kröfur sínar eftirfarandi rökum:

Stefnandi eigi ekki að lögum neina aðild að þeirri stjórnarathöfn sem ógildingar sé krafist á. Þar sé um að ræða löggildingu sem stefndi hafi fengið eftir umsókn frá stjórnvaldi, þ.e. meðstefnda félagsmálaráðherra. Aðild að stjórnarathöfn þessari eigi aðeins stefndi Ingi Gunnar og meðstefndi félags-

málaráðherra. Þessir aðilar þurfi fráleitt að sæta málssókn með dómkröfu um ógildingu stjórnarathafnar þessarar frá alls óviðkomandi aðila. Sé vitaskuld ljóst að stefnandi geti ekki byggt aðild sína á því að innan vébanda hans séu menn sem hlotið hafi sams konar löggildingu og stefndi Ingi Gunnar. Skv. 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 85/1936 leiði þetta til sýknu.

Stefndi byggi málsókn sína aðallega á þeirri skýringu á 12. gr. byggingalaga nr. 54/1978 að aðeins félagsmenn hans (arkitektar) hafi rétt til að gera svokallaða aðaluppdrætti. Með hugtakinu aðaluppdráttur muni vera átt við uppdrátt af mannvirki í heild. Þessari skýringu stefnanda á lagagrein þessari sé harðlega mótmælt, enda verði ekki séð að hún eigi neina stoð, hvorki í orðalagi ákvæðisins sjálfs, forsögu þess, né heldur í öðrum lögskýringaraðferðum.

Engin leið sé að ráða það af orðalagi ákvæðisins að þar sé ráðgert að eingöngu arkitektar megi gera aðaluppdrætti. Ef sú hefði verið ætlunin hefði verið vandalaust að segja það skýrum orðum í lagatextanum. Textinn verði eftir orðum sínum eðlilegast skýrður svo að allir þeir sérfræðingar sem þar séu nefndir geti öðlast rétt til að gera aðaluppdrætti, enda hafi þeir tilskilda starfsreynslu að baki.

Fyrir gildistöku byggingalaga nr. 54/1978 hafi engin sérstök skilyrði verið í lögum fyrir því að menn mættu teikna hús. Aðeins hafi mátt til skilja, að uppdráttur væri lagður fram, sbr. t.d. 6. gr. 2. mgr. D l. nr. 19/1905, 7. gr. 2. tl. 1. nr. 108/1945, sbr. 3. gr. 1. nr. 26/1948 og ákvæði í II. kafla skipulagslaga nr. 19/1964. Að vísu hafi verið sett í fylgiskjali með auglýsingu nr. 23/1967 grein nr. 1.7. ákvæði um hverjir skyldu hafa réttindi til uppdráttargerða. Mætti út af fyrir sig spyrja hvort þau ákvæði hafi haft viðhlitandi lagastoð, þ.e.a.s. til að takmarka réttinn til að gera uppdrætti við þá sem þar hafi verið nefndir. Það hafi þó ekki þýðingu hér. Í ákvæðinu hafi verið ákveðið að „uppdrættir skv. 1.5. (aðaluppdrættir) skyldu gerðir af húsameisturum (arkitektum), byggingaverkfræðingum, byggingatækni-fræðingum, byggingafræðingum eða þeim sem hlotið hafa viðurkenningu bygginganefndar þegar samþykkt þessi öðlast gildi“.

Enginn vafi hafi verið á því við setningu byggingalaga 1978 að allar fyrrgreindar starfsstéttir hafi haft jafnan rétt á að gera hina svokölluðu aðaluppdrætti af mannvirkjum. Með lögum hafi ekki staðið til að breyta því. Augljóst sé að það hefði þurft að koma skýrt fram í lagatextanum ef ætlunin hefði verið að takmarka réttindi sumra þessara stétta frá því sem verið hafði. Gildi þetta því fremur þar sem um sé að ræða atvinnuréttindi manna, en atvinnufrelsi njóti sérstakrar verndar í 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Sums staðar í skjölum stefnanda komi fram sú skoðun hans að stefndi sé ekki vel menntaður til þeirra starfa, sem löggildingu hans taki til. Þessu sé vísað á bug sem rakalausum og ósæmilegum málalilbúnaði.

Í 2. mgr. 12. gr. byggingalaga sé gert ráð fyrir að aflað sé umsagnar Skipulagsstjórnar ríkisins áður en veitt sé löggilding skv. 1. mgr. Tekið skuli fram að Skipulagi ríkisins sé stjórnað af arkitektum sem vafalaust hafi áhuga á að styðja sérréttindabaráttu stefnanda, jafnvel þótt öndvert fari við lög og fyrirmæli. Arkitektarnir hjá Skipulagi ríkisins hafi búið svo um hnútana að stofnunin sé búin að setja sér reglur (sbr. dskj. nr. 7) um „mat á menntun og starfsreynslu sem krafist er til að hljóta löggildingu félagsmálaráðuneytisins skv. 2. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978“. Þrátt fyrir fagra fyrirsögn reglnanna hafi þær ekkert gildi sem réttarheimild. Þessar reglur þjóni í mesta lagi þeim innanhússtílgaði hjá Skipulagsstjórn að segja til um hvað stofnunin hyggist leggja til grundvallar við umsagnir sínar skv. 2. mgr. 12. gr. Og það sé að sínu leyti heppilegt að stofnunin skuli hafa sett reglurnar, vegna þess að þar komi skýrt fram að tilgangurinn sé að takmarka atvinnuréttindi manna langt umfram það sem heimilt sé skv. lögum. Megi segja að þarna birtist bíræfin tilraun til að nota opinbert vald til að knýja fram sérréttindi og brjóta þannig gegn réttindum annarra.

Skipulag ríkisins hafi gefið umsagnir í málinu 5. ágúst 1982 (dskj. nr. 8) og 27. janúar 1983 (dskj. nr. 9). Bréfin fari hvort gegn öðru að því er varði spurninguna um hvort byggingafræðingar geti yfirleitt öðlast réttindi til gerðar aðalteinna. Lagaskilyrðinu um álitsumleitan Skipulags ríkisins hafi verið fullnægt. Ljóst sé, að ráðherra hafi verið óskýlt að fara eftir umsögninni. Ráðherra hefði brotið rétt á stefnda, ef hann hefði synjað honum um löggildinguna.

Stefnandi telji að leita hefði átt sinnar umsagnar áður en stefnda var veitt löggilding. Þetta sé út í hött. Stefnandi sé félagi í Byggingafræðingafélagi Íslands og hafi umsagnar þess félags verið leitað áður en löggildingin var veitt. Jafnvel þótt ekki væri leitað umsagnar stéttarfélags skv. 2. mgr. 12. gr. gæti það aldrei varðað ógildingu á löggildingunni. Þessi málsástæða stefnanda sé því út í hött.

Með þessari málssókn hafi stefnandi dregið óbilgjarna sérréttindabaráttu sína fyrir dómstóla. Hann sé að krefjast þess að aðrir menn en sínir félagsmenn séu fyrirfram útilokaðir frá að fá vinnu á tilteknu sviði. Ef félagsmenn stefnanda væru hæfari en aðrir, eins og stefnandi haldi fram, þyrftu þeir ekki á neinum sérréttindum að halda. Þá væru þeir einfaldlega eftir-sóttari.

Stefndi félagsmálaráðherra styður kröfur sínar eftirfarandi rökum: Stefnandi sé ekki aðili að þeirri stjórnarathöfn er hann krefst ógildingar á, né verði hún með neinu móti talin beinast gegn honum þannig að máls-höfðunarréttur honum til handa geti talist fyrir hendi.

Málshöfðunarréttur stefnanda verði ekki reistur á því, að innan vébanda hans séu menn sem að lögum hafi löggildingu til að gera aðaluppdraetti

eða kunni að uppfylltum skilyrðum 12. gr. byggingalaga, að eiga rétt til að öðlast slíka löggildingu á sama hátt og meðstefndi í máli þessu en séu ekki nú handhafar slíkrar löggildingar.

Stefndu þurfi fráleitt að sæta málssókn aðila eins og stefnanda þessa máls um lögmæti þeirrar löggildingar sem stefndi félagsmálaráðherra hafi veitt meðstefnda og sem engra lögvarðra hagsmuna eigi að gæta í sambandi við þá stjórnarathöfn.

Með vísan til þessa beri að sýkna stefnda félagsmálaráðherra sbr. 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 85/1936.

Því sé alfarið vísað á bug að umdeild löggilding brjóti á nokkurn hátt í bág við lög eða að undirbúningi þessarar stjórnvaldsákvörðunar hafi á neinn hátt verið áfátt.

Þeirri fullyrðingu sem fram komi á dskj. nr. 6, að stefndi félagsmálaráðherra hafi lofað að afgreiða ekki umsókn meðstefnda nema að veita stefnanda áður færi á að koma að sjónarmiðum sínum, sé harðlega mótmælt. Á dskj. nr. 23 komi fram hvað í raun og veru hafi farið fram á milli stefnanda og stefnda félagsmálaráðherra í greint skipti. Áður en byggingalög nr. 54/1978 tóku gildi hafi gilt mismunandi lög um byggingamálefni í dreifbýli og í þéttbýli. Lög nr. 19/1905 með síðari breytingum um byggingasamþykktir hafi gilt um löggilta verslunarstaði og aðra staði sem skipulagsskyldir hafi verið skv. skipulagslögum nr. 19/1964. Sérlæg hafi gilt um byggingamálefni Reykjavíkur nr. 61/1944. Lög nr. 108/1945 um byggingasamþykktir fyrir sveitir og þorp sem ekki séu löggiltir verslunarstaðir hafi tekið til staða sem ekki hafi verið skipulagsskyldir.

Fyrir gildistöku byggingalaga nr. 54/1978 hafi réttur manna til að gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum ekki verið háður neinni löggildingu. Hafi því ekkert verið því til fyrirstöðu að hver sem var gerði slíka uppdrætti, ef byggingasamþykkt mælti ekki á annan veg og viðkomandi byggingayfirvöld samþykktu þær teikningar.

Í byggingasamþykktum, sem settar hafi verið skv. l. nr. 108/1945 fyrir sýslur landsins, hafa engin ákvæði verið um hverjir mættu gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum.

Í fyrirmynd af byggingasamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, sem birt hafi verið með auglýsingu nr. 23/1967 og sem staðfest hafi verið fyrir flesta þéttbýlisstaði eftir því sem sveitarfélögin báðu um, hafi í greinum nr. 1.7.1. - 1.7.3 verið ákvæði um uppdráttargerð að húsum og öðrum mannvirkjum, sem áhrif hafi á útlit byggðarinnar.

Skv. gr. 1.7.1. skyldu aðaluppdrættir gerðir af húsameisturum (arkitektum), byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum, byggingafræðingum (bygningskonstruktör) eða þeim, sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginganefndar, þegar samþykktin öðlaðist gildi.

Skv. gr. 1.7.2. skyldu séruppdrættir og útreikningar gerðir af sérmenntuðum mönnum, svo sem húsameisturum, verkfræðingum, byggingafræðingum og tæknifræðingum eða þeim sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginganefndar þegar samþykktin öðlaðist gildi.

Skv. 11. gr. byggingasamþykktar fyrir Reykjavík nr. 39/1965 skyldu uppdrættir gerðir af húsameisturum, byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum eða þeim sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginganefndar þegar samþykktin öðlaðist gildi.

Með lögfestingu byggingalaga nr. 54/1978 hafi sömu reglur um byggingamálefni verið lögfestar fyrir allt landið, bæði hvað varðaði stjórn byggingamála og jafnstrangar kröfur gerðar til undirbúnings og frágangs mannvirkja, þ. á m. uppdráttargerð, jafnt í dreifbýli sem í þéttbýli.

Að því er tók til uppdráttargerðar að húsum og öðrum mannvirkjum hafi þótt rétt, er byggingalögin voru sett, að gera kröfur til þeirra manna er slík störf hafi með höndum, bæði varðandi menntun og starfsreynslu. Í samræmi við það hafi verið lögfest með 12. gr. laganna að tiltekin fagmenntun að viðbætti 2ja ára starfsreynslu gæfi manni rétt til að gera aðaluppdrætti að fenginni löggildingu sem félagsmálaráðherra veiti. Og gefi hún viðkomandi rétt til uppdráttargerðar hvar sem sé á landinu.

Í 12. gr. séu tvær undantekningar frá þeim kröfum sem gerðar séu um menntun og starfsreynslu þeirra manna er rétt hafi til uppdráttargerðar. Í fyrsta lagi sé kveðið á um að þeir, sem hafi slík störf með höndum fyrir gildistöku laganna haldi þeim rétti, sbr. lokamálslið 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr.

Í annan stað sé ráðherra heimilt að veita öðrum aðilum staðbundin réttindi til uppdráttargerðar að fengnum meðmælum viðkomandi bygginganefndar, sbr. lokamálslið 2. mgr. 12. gr. Undanþáguheimild þessi nái jafnt til gerðar aðaluppdráttar sem séruppdráttar.

Stefnandi virðist leggja þann skilning í þau orð 1. mgr. 12. gr.: „hver á sínu sviði“, að þau feli í sér að arkitektar vegna menntunar sinnar hafi einir rétt til að gera aðaluppdrætti. Þessu sé alfarið vísað á bug. Þegar framhald málsgreinarinnar sé skoðað um rétt landbúnaðarkandidata til að gera jafnt aðaluppdrætti sem séruppdrætti að landbúnaðarbyggingum, sé alveg ljóst að orðnotkunin „hver á sínu sviði“ feli ekki í sér neina afmörkun á því að sú menntun sem þar sé talin á undan geri menn annaðhvort hæfa til að gera aðaluppdrætti eða séruppdrætti.

Nærtækara sé að skýra greinina svo að einhver sú menntun sem áður sé upp talin ásamt tveggja ára starfsreynslu við uppdráttargerð gefi viðkomandi rétt til að gera uppdrætti á því sviði, sem starfsreynsla hans nái til.

Með hliðsjón af þeim reglum sem giltu hjá skipulagsskyldum sveitarfélögum fyrir gildistöku byggingalaga um rétt byggingafræðinga, tæknifræðinga

og verkfræðinga til að gera aðaluppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum hefði þurft að kveða afdráttarlaust á um það í lögnum, ef ætlunin hefði verið sú að þrengja atvinnufrelsi manna með þessa menntun, að þessu leyti.

Sú þrenging sem átti sér stað hafi fyrst og fremst beinst að því að koma almennt þeirri skipan á að þeir sem þessi störf hafi með höndum hafi ákveðna menntun og lágmarksstarfsreynslu við uppdráttargerð. Eins og áður sé getið hafi fyrir gildistöku byggingalaga engar kröfur verið gerðar til menntunar manna sem gerðu uppdrætti utan skipulagsskyldra staða. Jafnvel fyrir slíkri þrengingu atvinnufrelsisins hafi ekki verið fortakslaus löggjafarvilji, því í meðförum þingsins hafi verið tekin upp í 12. gr. heimild fyrir ráðherra til að veita mönnum, sem ekki uppfylli skilyrði 12. gr. um tiltekna menntun og starfsreynslu, staðbundin réttindi sbr. 2. mgr. 12. gr.

Meðstefndi hafi sótt um löggildingu til að gera aðaluppdrætti með bréfi dags. 4. mars 1982, sbr. dskj. nr. 13. Hann hafi lagt fram með umsókn sinni ljósrit af prófskírteini og vottorð um starfsreynslu á arkitektastofu, þar sem fram komi að hann hafi unnið störf sem á slíkri stofu falli til sbr. dskj. nr. 13.

Svo sem ráðgert sé hafi umsókn hans verið send skipulagsstjórn ríkisins til umsagnar og hlutadeigandi stéttarfélagi, í þessu tilviki Byggingafræðingafélagi Íslands, en meðstefndi sé félagi í því stéttarfélagi. Arkitektafélag Íslands sé ekki stéttarfélag byggingafræðinga og hugleiðingar stefnanda í stefnu um að senda hefði átt honum umsóknina til umsagnar séu með öllu út í hött.

Skipulagsstjórn hafi ekki mælt með umsókn meðstefnda og vísað til starfsreglna sinna og þess að það væri mat Skipulagsstjórnar að menntun byggingafræðinga gæfi ekki tilefni til svo umfangsmikilla réttinda. Þær starfsreglur, þar sem áskilið sé að byggingafræðingar hafi tveimur árum lengri starfsreynslu en áskilið sé í byggingalögum og mat skipulagsstjórnar á menntun byggingafræðinga, fari hins vegar í bág við skýrar reglur 12. gr. l. nr. 54/1978, og því ófært að afgreiða umsóknina í samræmi við þá umsögn. Byggingafræðingafélag Íslands hafi mælt með umsókn meðstefnda.

Rétt sé að hnykkja á að svo sem lagagreinin sé orðuð sé ráðherra ekki bundinn af umsögn umsagnaraðila er hann afgreiðir löggildingarumsókn. Með því að meðstefndi hafi uppfyllt skilyrði 1. mgr. 12. gr. þ.e. hann hafi haft tilskilda menntun og tveggja ára starfsreynslu og hafi skv. því átt rétt til að öðlast löggildingu, þá hafi hún að sjálfsögðu verið veitt. Annað hefði verið ólöglegt synjun.

III.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi byggð á aðildarskortu stefnanda, og verður það atriði fyrst tekið til umfjöllunar.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, er hagsmunafélag arkitekta á Íslandi,

en skv. 3. gr. sbr. 4. gr. félagslaga þess eru félagar eingöngu þeir sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að kalla sig húsameistara eða arkitekt.

Enda þótt innan vébanda félagsins séu arkitektar sem ekki hafa löggildingu til að gera aðaluppdrætti, þá geta allir arkitektar að uppfylltum tilteknum skilyrðum fengið þá löggildingu sbr. 12. gr. 1. nr. 54/1978. Arkitektafélag Íslands á því lögvarðra hagsmuna að gæta f.h. félagsmanna sinna varðandi það hvort reglum 12. gr. 1. nr. 54/1978 sé réttilega framfylgt. Verður því ekki fallist á þessa sýknuástæðu stefndu.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að löggilding stefnda Inga Gunnars brjóti í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54/1978 og gr. 3.5. reglugerðar nr. 292/1979 um byggingamál. Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að ósannað væri að stefndi Ingi Gunnar hefði 2ja ára starfsreynslu við gerð aðaluppdráttar, en framlögð gögn þar um væru ófullnægjandi.

Stefndi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Stefnandi hélt því fram að málsástæða þessi kæmi fram þegar í stefnu og fælist í framangreindri málsástæðu, þar sem eitt af skilyrðum 12. gr. byggingalaga sé um starfsaldur.

Málsástæða þessi verður ekki svo óyggjandi sé lesin út úr málalíbúnaði stefnanda í stefnu, greinargerð eða öðrum gögnum hans í málinu. Það kemur fram í greinargerðum stefndu að þeir hafa skilið málalíbúnað stefnanda þannig að einungis stæði ágreiningur um túlkun á 12. gr. 1. nr. 54/1978 og var gagnaöflun þeirra hagað í samræmi við það. Undir rekstri málsins fram að munnlegum málflutningi virtist enn fremur vera ágreiningslaust milli aðilja að þannig bæri að túlka málalíbúnað stefnanda.

Verður því að líta svo á að málsástæða þessi sé of seint fram komin við munnlegan málflutning, og kemur hún því ekki til álita við úrlausn þessa máls.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978 geta arkitektar, byggingafræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, öðlast rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki.

Stefnandi hefur skýrt orðalagið „hver á sínu sviði“ svo að einungis arkitektar hafi menntun til þess að gera aðaluppdrætti.

Fyrir gildistöku laganna voru engin sérstök skilyrði fyrir því í lögum, hverjir mættu gera aðaluppdrætti, en í fyrirmynd að byggingasamþykkt, sem birt var með auglýsingu nr. 23/1967, var í grein 1.7.1. ákvæði um að aðaluppdrættir skyldu gerðir af húsameisturum (arkitektum), byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum, byggingafræðingum eða þeim, sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginganefndar, þegar samþykktin öðlaðist gildi. Voru ofangreindir aðilar taldir jafnhæfir til að gera aðaluppdrætti.

Þá sagði í grein 1.7.2. að séruppdrættir skyldu gerðir af sérmenntuðum mönnum, svo sem húsameisturum, verkfræðingum, byggingafræðingum og tæknifræðingum eða þeim, sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginga- nefndar þegar samþykktin öðlaðist gildi.

1. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978 virðist að nokkru sniðin eftir gr. 1.7.1. og 1.7.2. í framangreindri auglýsingu, en skv. lögnum er þó réttur verkfræðinga og tæknifræðinga, annarra en byggingaverkfræðinga og byggingatæknifræðinga, sýnu rýmri en þeim var ætlaður skv. auglýsingunni, þar sem löggin girða ekki fyrir skv. orðalagi sínu, að þeir geti nú hlotið löggildingu til að gera aðaluppdrætti.

Í niðurlagi 12. greinar segir að í reglugerð skuli kveðið nánar á um þau atriði er um ræðir í greininni, en úr upphaflegri gerð frumvarpsins var fellt niður sérstakt ákvæði um að í reglugerð skuli skilgreina hin einstöku starfs- svið.

Í byggingareglugerð nr. 292/1979 er orðalagið „hver á sínu sviði“ ekki skilgreint nánar, heldur er 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978 tekin nánast óbreytt upp í reglugerðinni í lið 3.5.1., en þar segir þó, að viðkomandi skuli hafa 2ja ára viðurkennda starfsreynslu á sínu sviði.

Af umræðum á Alþingi og greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 54/1978 verður ekki séð, að ætlunin hafi verið að breyta þeirri tilhögun, sem var fyrir gildistöku laganna, og takmarka rétt annarra stétta en arkitekta til að gera aðaluppdrætti, og verður sá skilningur eigi að heldur lesinn út úr orðalagi 12. greinar laganna.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er nærtækast að skýra orðalagið „hver á sínu sviði“ þannig að það vísi til þeirrar sérmenntunar og starfsreynslu sem framangreindir aðilar hafa til að gera séruppdrætti, sbr. og orðalag 5. mgr. 12. gr. laganna.

Réttur skv. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978 til að gera uppdrætti er háður löggildingu sem félagsmálaráðherra veitir sbr. 2. mgr. sömu greinar. Löggin veita þannig ráðherra vald til þess að meta það hvort aðili með einhverja þá menntun, sem talin er upp í 1. mgr. 12. gr. auk 2ja ára starfsreynslu, sé hæfur til að gera aðaluppdrætti eða séruppdrætti, hver á sínu sviði.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. ber ráðherra að leita umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins áður en hann veitir framangreinda löggildingu.

Reglur þær sem skipulagsstjórn hefur sett sér varðandi mat á hæfni ofangreindra aðila til að mega öðlast löggildingu til að gera aðaluppdrætti eða séruppdrætti miða að því, að byggingafræðingar geti að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 12. gr. einungis hlotið rétt til að gera séruppdrætti sbr. dskj. nr. 7, 5. tl. Til þess að öðlast rétt til að gera aðaluppdrætti þarf bygginga-

fræðingur að auki að hafa starfað í 2 ár við gerð aðaluppdráttá hjá viðurkenndum arkitekt eða arkitektafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 7. tl. á dskj. nr. 7.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978 er Skipulagsstjórn ríkisins einungis umsagnaraðili, en mat stjórnarinnar á hæfni umsækjanda er ekki bindandi fyrir leyfisveitingu ráðherra. Þá er ljóst að framangreindar reglur Skipulagsstjórnar þrengja til muna rétt umsækjanda, sem er byggingafræðingur, til að öðlast löggildingu til að gera aðaluppdrætti frá því sem lögin veita honum, og geta slíkar reglur raunar ekki orðið leiðbeinandi fyrir leyfisveitanda.

Stefndi Ingi Gunnar hefur að baki tilskilda 2ja ára starfsreynslu sbr. vottorð á dskj. nr. 15, bl. 1, en eins og að framan greinir kemst sú mótbára ekki að í málinu að þau vottorð séu efnislega ófullnægjandi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í öðru lagi að löggildingin verði ógilt vegna formgalla þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags.

Eins og að framan getur telst Arkitektafélag Íslands hafa lögvarðra hagsmuna að gæta f.h. félagsmanna sinna varðandi deiluefni það sem hér um ræðir, en félagsmenn geta einungis orðið þeir sem fengið hafa til þess leyfi félagsmálaráðherra að kalla sig arkitekt eða húsameistara. Innan vébanda félagsins eru bæði arkitektar sem hafa fengið löggildingu til að gera uppdrætti skv. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 54/1978, en einnig eru þar félagsmenn sem ekki hafa slíka löggildingu. Utan félagsins standa einnig margir aðilar, bæði arkitektar og aðrir sem fengið hafa löggildingu skv. 1. mgr. 12. gr.

Arkitektafélag Íslands er þannig ekki hagsmunafélag þeirra aðila sem hlotið hafa löggildingu skv. 12. gr. 1. nr. 54/1978, enda þótt þetta kunní að vera hluti af hagsmunum félagsmanna. Samkvæmt félagslögum Arkitektafélags Íslands getur stefndi Ingi Gunnar ekki öðlast inngöngu í félagið, þar sem hann fullnægir ekki því skilyrði að geta kallað sig arkitekt eða húsameistara. Stefndi Ingi Gunnar er byggingafræðingur að mennt. Stéttarfélag hans er Byggingafræðingafélag Íslands. Á dskj. nr. 14 liggur fyrir afrit af umsögn þess félags um hæfni stefnda Inga Gunnars til að gera aðaluppdrætti. Formskyldu um að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags hefur því verið fullnægt.

Við munnlegan málflutning gerði talsmaður stefnanda athugasemd við það, að umsögnin væri undirrituð af stefnda Inga Gunnari sjálfum, sem þá var formaður félagsins, og taldi að það ætti að valda ógildingu löggildingarinnar. Athugasemd þessari var ekki andmælt sem of seint fram kominni.

Umsögn umsagnaraðila, hvort heldur er stéttarfélagið eða Skipulagsstjórn ríkisins er ekki bindandi fyrir ráðherra, og þar sem formskilyrði þessu hefur verið fullnægt, verður löggildingin ekki ógilt af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu Inga Gunnar Þórðarson og félagsmálaráðherra af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ingi Gunnar Þórðarson og félagsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Arkitektafélags Íslands.

Stefnandi Arkitektafélag Íslands greiði stefndu Inga Gunnari Þórðarsyni og félagsmálaráðherra hvorum um sig kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
